

Landspítali háskólasjúkrahús – Grensásdeild - Reykjavík



VERKSVIÐ VERKÍS

- Hönnun raflagna og fjarskiptalagna
- Hönnun lýsingar og neyðarlýsingar
- Gerð handbókar fyrir neyðarlýsingarkerfi
- Hönnun og þjónusta við brunaviðvörðunarkerfi
- Brunahönnun og flóttaleiðateikningar
- Úttekt brunamála; brunahólfun, brunaviðvörðunarkerfi, aðkoma slökkviliðs og flóttaleiðir

LÝSING

Allt frá byggingu Grensásdeildar Borgarspítalans hefur Rafteikning hf. sem nú eru hluti af VERKÍS annast hönnun raflagna, lýsingar og fjarskiptakerfa fyrir aðstöðu deildarinnar sem nú tilheyrir Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Í gangi er úttekt og gerð handbókar fyrir neyðarlýsingarkerfi bygginganna.

Enn fremur hefur Fjarhitun hf. sem nú er líka hluti af VERKÍS sinnt hönnun og úttektum og haldið utan um umbætur á brunatæknilegri útfærslu bygginga á svæðinu. Þar hefur m.a. verið tekið á brunahólfun, flóttaleiðamerkingum, umbótum í loftræsingu og ástandi brunaviðvörðunarkerfisins.

Á síðari árum hefur VERKÍS líka tekið að sér rekstur á veftengdu skjalavistunarkerfi til að halda utan um þau hönnunargögn sem tengjast einstökum verkefnum við deildina.

VERKÍS hefur á að skipa starfsmönnum með mikla þekkingu og reynslu af hönnun og ráðgjöf við fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Fyrirtækið hefur í ákveðnum tilfellum tekið að sér að vera yfirvöldum innan handar við að breiða þessa þekkingu út bæði meðal starfsmanna heilbrigðisfyrirtækja og háskólanemenda í heilbrigðisgreinum.

ALMENNT UM VERKIÐ

Eigandi Grensásdeildar er núna íslenska ríkið. Húsnæðið skiptist í grófum dráttum í tvær einingar. Annars vegar endurhæfingar-deild með legurýmum og hins vegar meðferðarsundlaug innanhúss sem var tekin í notkun 12 árum á eftir aðalbyggingunni.

LYKILUPPLÝSINGAR

Stærð:

5.800 m² samtals, endurhæfingarhúsnæði og innisundlaug.

Fjöldi sjúkrarúma:

48

Byggingartími:

Aðalbygging 1970 – 1973
Sundlaug 1984 - 1985

Starfsemi:

- Endurhæfing
- Sjúkraþjálfun
- Iðjuþjálfun
- Talþjálfun
- Taugarannsóknarstofa
- Taugasálfræði
- Meðferðarsundlaug

